

## 100. Stjórnarfundur Fenúr

9. apríl 2008

### Mætt:

Guðmundur T. Ólafsson, Pétur Bjarnason, Ragna Halldórsdóttir, Elías Ólafsson og Guðmundur B. Friðriksson.

### Staður og stund:

SORPA, Gufunesi þann 9. apríl kl.14:20.

### Þetta gerðist

#### 1. Undirbúningur aðalfundar 2008.

Aðalfundurinn verður haldinn í Garðaholti, Garðabæ þann 18. apríl kl. 11. Rætt hefur verið við Páll Hilmarsson um að taka að sér fundarstjórn. Farið var yfir drög að dagskrá fundarins. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður skipun afmælisnefndar FENÚR á dagskrá. GTO tekur saman skýrslu stjórnar fyrir fundinn og RH tekur saman ársreikning fagráðsins. Farið var yfir drög að ársreikningi. RH sendir skoðunarmönnum reikninginn eftir helgi. Eitt sæti er laust í stjórn fagráðsins. GTO skoðar hugsanlega kandiádata.

#### 2. Ráðstefna eftir aðalfund.

PB tekur að sér ráðstefnustjórn. Farið var yfir drög að dagskrá ráðstefnunnar og þema. Rætt um að hafa ráðstefnuna tvískipta, fyrri hluti verði um markaðsmál við úrgangsstjórnun en seinni hlutinn almennt um úrgangsmál og nýjunar í þeim eignum héraðsins. GTO tekur saman spurningu til fyrirlesara varðandi þema ráðstefnunnar. Ráðstefnugjöld verða óbreytt frá fyrra ári.

#### 3. FENÚR fréttir

Efni næstu FENÚR fréttarætt. Blaðið verður gefið út fyrir aðalfund.

Að loknum fundi þakkaði Pétur Bjarnason fyrir stjórnarsetu en fundurinn var hans síðasti stjórnarfundur. Pétur gefur ekki kost á sér í stjórn fagráðsins á næsta aðalfundi en hann hefur setið í stjórn ráðsins frá stofnun þess.

Fundi slitið kl. 15:45.

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson.